

Ingrid Kuhlman
Kt. 030568-2309
Sjávargata 29
225 Álftanes
s. 892 2987
ingrid@thekkingarmidlun.is

Alþingi

Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 8. mars 2018

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um dánaraðstoð, 149. löggjafarþing 2018-2019. Þingskjal nr. 138. – 138. mál.

Álit mitt:

Ég hvet hvetur Alþingi eindregið til að samþykkja ofangreinda þingsályktunartillögu.

RÖKSTUÐNINGUR:

Sjálf hef ég reynslu af dánaraðstoð sem aðstandandi en pabbi minn, Anton Kuhlman, var með þeim fyrstu í heiminum til að fá ósk sína um dánaraðstoð uppfyllta á löglegan hátt. Hann dó 11. apríl 2002, aðeins ellefu dögum eftir að dánaraðstoð var lögleidd í Hollandi. Pabbi greindist með æxli í heilanum árið 1999 sem var þannig staðsett að ekki var hægt að fjarlægja það. Það þrýsti á taugar og olli lömum í andliti og jafnframt miklum verkjum. Við tóku tvær mjög erfiðar geislameðferðir sem reyndust gagnlausar því æxlið hélt áfram að stækka. Læknarnir sögðu þá að ekkert væri hægt að gera til að bjarga lífi hans og batahorfur væru engar.

Eftir geislameðferðina hrakaði pabba stöðugt, hann var farinn að missa kraft í hand- og fótleggjum, jafnvægisskynið var orðið slæmt og hann var með óbærilegan höfuðverk. Hann var fyrir löngu hættur að geta borðað fasta fæðu og fékk hana því einungis í fljótandi formi. Geislameðferðirnar höfðu eyðilagt barkalokuna með þeim afleiðingum að hann gat ekki kyngt og því fór allt sem hann drakk beint ofan í lungun en einkennin lýstu sér eins og lungnabólga. Pabbi hafði misst rúmlega 25 kg og var orðinn aðeins 50 kg undir það síðasta. Hann gat ekki lengur drukkið, aðeins bleytt tunguna í vatni því um leið og eitthvað fór niður hóstaði hann því upp aftur. Hann hafði fengið morfín í 6-7 vikur en það linaði ekki kvalirnar í höfðinu og eyranu sem virtust óbærilegar og ómanneskjulegar. Hann var algjörlega rúmliggjandi og þurfti aðstoð við allar athafnir. Hans heitasta ósk var að fá mannsæmandi lífslok.

Pabbi var fylgismaður laganna um dánaraðstoð og hafði gert lífsviljaskrá þegar hann var enn heill heilsu. Eftir að lögin um dánaraðstoð tóku gildi í Hollandi 1. apríl 2002 ákvað hann að biðja heimilislækninn sinn um dánaraðstoð nú þegar hún var orðin lögleg. Í hönd fór strangt ferli til að ganga úr skugga um að beiðni hans væri sjálfviljug og ígrunduð, að þjáning hans væri viðvarandi og óbærileg og að læknirinn væri sannfærður um að engin önnur skynsamleg lausn væri til á ástandi hans. Óháður læknir vitjaði pabba til að kanna vilja hans og andlega getu til að taka svo afdrifaríka

ákvörðun, sem og líkamlegt ástand. Læknirinn vottaði að pabbi félli undir lögboðin skilyrði sem heimiluðu dánaraðstoð.

Eftir að læknarnir höfðu samþykkt að verða við ósk pabba vildi hann ekki bíða eftir neinu, enda sárþjáður. Ákveðið var að dánarstundin yrði daginn eftir. Þetta var auðvitað sérkennileg en fyrst og fremst falleg stund. Við fjölskyldan sátum öll á rúmstokknum hjá honum þegar læknirinn gaf honum banvæna blöndu lyfja og líf hans fjaraði út. Hann var sáttur og við vorum sátt. Hann dó í því umhverfi sem hann vildi og á þann hátt sem hann vildi.

Auðvitað er það síðasta sem maður vill að missa ástvin. En þegar þjáningin ein er eftir vill maður að dauðdaginn verði eins þjáningarlaus og með eins mikilli reisu og mögulegt er. Því miður er óskhyggja að halda að líknandi meðferð geti afmáð alla þjáningu. Það hverfur ekki öll þjáning þótt hægt sé að stilla flesta líkamlega verki. Oft er þetta einnig spurning um tilvistarlega eða andlega þjáningu vegna skertra og óásættanlegra lífsgæða.

Ég er sannfærð um, eftir að hafa þurft að horfa upp á óbærilegar kvalir föður míns, að gott væri að leyfa dánaraðstoð sem mannúðlegan valkost, að sjálfsgöðu að uppfylltum ströngum og skýrum skilyrðum líkt og tilfellið er í Hollandi. Hverskonar líf er það að bíða kvalinn eftir dauðanum - vitandi það að það er enginn von um bata?

Við Íslendingar þurfum að taka málefnalega og yfirvegaða umræðu um dauðann og dánaraðstoð. Það er von mín að úttekt á stöðunni í öðrum löndum ásamt könnun meðal heilbrigðisstarfsmanna sé mikilvægt skref í þá átt.

Virðingarfyllt,


Ingrid Kuhlman

s. 892 2987